



XXX

6. – 7. HA

Trúarbrögð heimsins

Umsögn um verkefni, heimapróf og vinnu í tímum.

XXX kaus að gera bók í þemanu *Trúarbrögð heimsins*. XXX vann ákaflega vel allt þemað og lagði mikla vinnu og natni í bækurnar sínar. Hún skilaði inn 4 litlum bókum, einni fyrir hvert trúarbrögð sem verkefnið átti að fjalla um. Þær eru mjög vandaðar og mikið lagt í útlit og heildarmyndina. Í bókunum má finna allar helstu grunnupplýsingar sem um var beðið og einnig heilmikið af aukaupplýsingum. Bækurnar eru skemmtilega upp settar og frumkvæði XXX er mikið. Hún setur heimskort inn í bókina sína og merkir inn á hvar viðkomandi trú er iðkuð í dag, kom með myndir að heiman sem er ótrúlega áhrifaríkt og fróðlegt að sjá. Frábært verkefni í alla staði.

Heimapróf

XXX skilaði virkilega góðu og vel unnu heimaprófi. Hún svaraði öllum spurningum ítarlega og gerði góða grein fyrir hverju atriði fyrir sig. Allar umbeðnar upplýsingar komu fram og bætti hún um betur. Myndskreyting með spurningum var til staðar og gaf verkefninu skemmtilegan og líflegan blæ.

Einkunn fyrir verkefni og frammistöðu í tímum, gildir 40% af einkunn	10
Einkunn á krossprófi, gildir 30% af einkunn	9,5
Einkunn fyrir heimapróf gildir 30% af einkunn	10
Lokaeinkunn	10

Dags./ undirskrift kennara
